

## Áfangalýsing

<b>Titill</b>	<b>Garðyrkja</b>
<b>Námsgrein</b>	Garðyrkja – kynningaráfangi
<b>Viðfangsefni</b>	Kynning á undirstöðuatriðum í öllum greinum garðyrkju
<b>Skammstöfun</b>	GARÐ2KY03
<b>Staða</b>	
<b>Þrep</b>	2
<b>Einingafjöldi</b>	3
<b>Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla</b>	
<b>Lýsing</b>	Kynning á undirstöðuatriðum í öllum greinum garðyrkju. Nemendur fá bóklega sem og verklega fræðslu um garðyrkju almennt og helstu atvinnugreinar innan hennar. Boðið er upp á verklega kennslu þar sem þau kynnst verkefnum á borð við jarðgerð, sáningar og græðlingatöku, priklun og pottun, hellulagnir, útplantanir á trjám og runnum, ræktun, umhirðu og uppskeru matjurta í gróðurhúsum, uppeldi garðplantna, skáskurð og gerð einfaldra skreytinga, útplöntun á skógarplöntum, umhirðu skóga auk þess að kynnst því hvaða afurðir eru unnar úr skógum landsins.
<b>Forkröfur</b>	Engar
<b>Þekkingarviðmið</b>	<p><b>Nemandi afli sér þekkingar og skilnings á:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Mismunandi atvinnugreinum garðyrkju</li> <li>• Grunnaðferðum við fjölgun og ræktunmatjurta og garðplantna</li> <li>• Mikilvægi vökvunar og áburðargjafar við plöntu umhirðu</li> <li>• Umhirðu matjurta á borð við tómata, gúrkur og salat</li> <li>• Notkun á mismunandi ræktunarefni, lífrænum jarðvegi, vikri og steinull</li> <li>• Hvernig á að uppskera tómata, gúrkur og salat</li> <li>• Pottun á græðlingum af garðplöntum.</li> <li>• Helstu aðferðum við skáskurð á blómum</li> <li>• Aðferðum við gerð einfaldra borðskreytinga</li> <li>• Grunnatriðum við gerð hellulagna</li> <li>• Aðferðum við útplöntun á trjám og runnum úr pottum</li> <li>• Aðferðum við útplöntun skógarplantna</li> <li>• Grunnumhirðu í skógum</li> <li>• Hvaða afurðir er hægt að vinna úr skógum landsins</li> </ul>
<b>Leikniviðmið</b>	<p><b>Nemandi skal hafa öðlast leikni í:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Sá fræjum í mold</li> <li>• Taka græðlinga af garðplöntum</li> <li>• Prikla og potta smáplöntum í uppeldi</li> <li>• Vökva plöntur</li> <li>• Afblaða og vefja tómat- og gúrkuplöntur</li> <li>• Uppskera tómata, gúrkur og salat</li> <li>• Skáskera blóm fyrir notkun í blómaskreytingum</li> <li>• Leggja hellur í einfalt mynstur</li> <li>• Planta út trjám og runnum úr pottum</li> <li>• Planta út bakkaplöntum með geispu og/eða plöntustaf</li> </ul>

	<ul style="list-style-type: none"> <li>Útbúa einfalda borðskreytingu með blómum og efni úr náttúrunni</li> <li>Slétta sand undir hellulögn með rörum og réttskeið</li> </ul>
<b>Hæfniviðmið</b>	<p><b>Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Greina á milli atvinnugreina innan garðyrkjunnar</li> <li>Beita réttum aðferðum við sáningar á fljótvöxnum tegundum á borð við salat og kryddurtir</li> <li>Beita réttum aðferðum við græðlingatöku á auðveldum garðplöntutegundum.</li> <li>Prikla og potta smáplöntum til áframhaldandi ræktunar</li> <li>Sinna vökvun á plöntum í uppeldi með almenna heilsu plantnanna í huga</li> <li>Vefja eða afblaða tómata- og gúrkuplöntur og framkvæma það rétt án þess að skaða plönturnar</li> <li>Uppspera tómata, gúrkur og salat og pakka fyrir sölu</li> <li>Skáskera blóm og útbúa einfaldar borðskreytingar án þess að skerða líftíma blómanna</li> <li>Velja verkfæri til þess að slétta sand undir hellulögn, slétta og leggja hellur í einfalt mynstur</li> <li>Planta út trjám og runnum í beð án þess að skerða lífslíkur plantnanna</li> <li>Velja viðeigandi verkfæri til útplöntunar á bakkaplöntum, með framtíðargæði plantna að leiðarljósi.</li> <li>Átta sig á hvaða umhirðu þarf að sinna í skógum og hvaða afurðir er hægt að vinna úr efninu sem þar verður til.</li> </ul>
<b>Námsmat</b>	Símat - Fjölbreytt námsmat
<b>Útgáfunúmer</b>	
<b>Skólar</b>	
<b>Fyrirmynd</b>	